

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2005-2018, íbúðarsvæði í Bjarkalundi og hafnarsvæði í Flatey.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 31. ágúst 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2005-2018 frá 24. ágúst 2009.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Svæði fyrir frístundabyggð (F2) í Bjarkalundi minnkar um 1 ha í 3 ha og nýtt íbúðarsvæði, 1 ha að stærð, verður til í þess stað. Gert er ráð fyrir 3 lóðum á íbúðarsvæðinu og 3 lóðum á svæði fyrir frístundabyggð.
2. Óbyggt svæði við Innstapoll við Hólsbúðarvog í Flatey breytist í hafnarsvæði (H3) þar sem gert er ráð fyrir skjólhöfn fyrir smábáta. Svæðið fellur undir lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 31. ágúst 2010.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Íris Bjargmundsdóttir.